

## Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

### *Úrvinnsla ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar*

Frá síðustu kynningu í stjórnkerfis- og lýðræðisráði þann 20. apríl sl. á vinnu við úrvinnslu ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar skv. tillögum starfshóps um niðurstöður úttektarnefndar er vert að nefna eftirfarandi um úrvinnslu ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar:

- Drögum að greinargerð um ábyrgð og verkaskiptingu í stjórnsýslu og rekstri Reykjavíkurborgar hefur verið skilað til borgarritara (varðar einkum ábendingar nr. 7 um verkaskiptingu borgarstjórnar og borgarráðs, og nr. 33-35 um stjórnsýslu, ábyrgð og aðgreiningu starfa og hlutverk formanna fagráða og sviðsstjóra). Næsta skref er að drögin fari í yfirllestur og rýni hjá borgarlögmanni og skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjórnar.
- Skýrslu og tillögum starfshóps um gæðakerfi og rekstrarhandbók Reykjavíkur var skilað til borgarritara í maí sl. Það tengist einkum ábendingu úttektarnefndar nr. 42 um heildaryfirlit yfir innri verkferla og reglur en einnig eru tengsl við aðrar ábendingar, t.d. ábendingu nr. 28 um framkvæmd heildarúttekta, nr. 29 um upplýsingamiðlun til almennings og kjörinna fulltrúa. Skýrslan og tillögurnar eru í umsagnarferli og verður skýrslan væntanlega lögð fram í borgarráði í framhaldinu.
- Hvað varðar 6. kafla í skýrslu úttektarnefndar um vöru-, þjónustu- og verkkaup þá var í janúar sl. lögð fram eftirfylgniskýrsla Innri endurskoðunar vegna fyrri úttektar á þáverandi innkaupaskrifstofu. Eftir framlagningu eftirfylgniskýrslunnar vann innkaupadeild aðgerðaáætlun sem ætlað er að mæta ábendingum úttektarnefndar borgarstjórnar og Innri endurskoðunar. Frekari úrvinnsla ábendinga í 6. kafla mun því vinnast á þeim vettvangi en skrifstofa borgarstjóra og borgarritara fylgist með framþróun mála og aðstoðar við uppsetningu starfshópa skv. aðgerðaáætluninni eins og við á.
- Skoðun ábendinga í 5. kafla um stjórnsýslustöðu B-hluta fyrirtækja (og skoðun tengdra ábendinga Innri endurskoðunar um B-hluta fyrirtæki) leiddi til þess að leitað var eftir lögfræðingi til að vinna mikilvæga forvinnslu. Tekinn er til starfa lögfræðingur sem verður á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í 3 mánuði í sumar við að vinna úr ábendingum úttektarnefndar og Innri endurskoðunar um B-hluta fyrirtæki. Verkefni hans er að gera úrbótatillögur eins og við á eða undirbyggja slíkar með upplýsingavinnslu um álitæfnin sem eru til skoðunar.

Svavar Jósefsson  
verkefnastjóri stjórnsýslu- og gæðamála